

Minnisblað til forsætisráðuneytis vegna móttunar atvinnustefnu

Forsætisráðuneytið hefur kynnt áform um móttun atvinnustefnu til ársins 2035. Horft er til þróunar atvinnulífs sem eflir hagvöxt, útflutning, fjölda vel launaðra starfa, framleiðni vinnuafis en sem takmarkar loftslagsáhrif. Atvinnustefnan á að „stuðla að sjálfbærum vexti atvinnugreina, aukinni framleiðni og heilbrigðum vinnumarkaði“. ¹

Loftslagsráð fagnar því að stjórnvöld ætli að vinna að heildstæðri atvinnustefnu með sérstakri áherslu á loftslagsáhrif. Atvinnustefnan mun því leggja grunn að þróun lágkolefnahagkerfis til 2035.

Loftslagsráð vill leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

1. Efnahagsleg sjálfbærni hverfist ekki einungis um hið þrönga sjónarhorn hagvaxtar. Mikilvægt er að taka til greina heildstæð velsældaráhrif vaxtar mismunandi atvinnugreina og atvinnustefnunnar í heild.
2. Stefnt er að því að atvinnustefnan styðji við umskipti í átt til lágkolefnahagkerfis. Mikilvægt er að þau umskipti verði réttlát og hugað verði því einnig að atvinnuumhverfi og högum þeirra sem nú þegar starfa í þeim atvinnugreinum sem minni athygli fá vegna breyttra áherslna. Réttlát umskipti (e. just transition) krefjast þess einnig að almenningur hafi aðkomu að móttun umskiptanna og því móttun atvinnustefnunnar.
3. Þróun atvinnulífs í átt til lágkolefnahagkerfis þarf að byggja á viðurkenndum mælikvörðum sem gefa vísbendingar um bein og óbein loftslagsáhrif mismunandi atvinnugreina. Mælikvarðarnir sem lagðir eru til grundvallar meðal annars þurfa að byggja á vísindalegum grunni, vera sértækir en þó heildstæðir, og byggja á viðurkenndum, áreiðanlegum og samanburðarhæfum gögnum.
4. Þegar metin er kolefniskræfni (e: carbon intensity) atvinnugreina er annars vegar verið að meta áhrif atvinnugreina á losun, föngun og förgun eða hagnýtingu fangaðra gróðurhúsalofttegunda (GHL) og hins vegar framleiðslu eða framleiðsluvirði greinarinnar
5. Áhrif á losun, föngun, förgun eða hagnýtingu fangaðra GHL leiða til breytinga í styrkleika GHL í loftþjúpnum og því er mikilvægt að mæling á kolefniskræfni taki til allra þessarra þátta. Í þessu samhengi geta samlegðaráhrif atvinnugreina og fyrirtækja verið til staðar. Einnig geta atvinnugreinar haft mikil óbein loftslagsáhrif svo sem í gegnum virðiskeðju fyrirtækja. Því er æskilegt að horfa ekki of þröngt á loftslagsáhrif einstaka atvinnugreina eða fyrirtækja, heldur horfa á samlegðaráhrif, og virðiskeðjuna alla.
6. Atvinnugreinar geta einnig haft áhrif á aðlögun að loftslagsbreytingum og æskilegt að greiningar á loftslagsáhrifum taki tillit til slíkra áhrifa.
7. Að auki við áhrif á loftslag hefur þróun atvinnulífs áhrif meðal annars á landnotkun og víðerni, líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og notkun vatns. Til að stuðla að aukinni hagsæld til framtíðar þarf einnig að taka tillit til þessarra áhrifa við móttun atvinnustefnu.

¹ <https://island.is/samradsgatt/mal/4029>